

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hafnarfjörður 29. mars 2019
Tilv. 2019-03-18-0701

Efni: Varðar Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um fiskeldi mál 647

Fiskistofa fagnar því að fram er komið frumvarp um breytingu á ýmsum ákvæðum sem tengjast fiskeldi. Það eru þó nokkrir annamarkar á þeim ákvæðum sem snúa að Fiskistofu.

Samráðshópur vegna málefna fiskeldis

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um það að ráðherra skipi samráðsnefnd vegna málaefna fiskeldis. Samráðsnefndin skuli hafa það hlutverk að „*leggja mat á forsendur og úrvinnslu þeirra gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggir á*“. Fiskistofa bendir á að áhættumat erfðablöndunar er fræðilegt líkan sem vísindamenn, innlendir og erlendir, hafa unnið að rýnt og prófað. Það er mikilvægt að meta forsendur líkansins og úrvinnslu þeirra gagna sem það byggir á en Fiskistofa varar við þeirri leið að láta hagsmunaaðila gera það. Fiskistofa bendir á að betra væri að styðjast við fræðilega og vísindalega nálgun ef leggja á mat á forsendur áhættumats vegna erfðablöndunar og leita álits sérfræðinga á því sviði, s.s. stofnerfðafræðinga.

Það má þó segja að tryggt sé í frumvarpinu að sjónarmið vísindamanna muni ráða því hvort tekið verði tillit til sjónarmiða samráðshóps um málefni fiskeldis. Í 7. gr. er fjallað um áhættumat erfðablöndunar og þar kemur fram um verklag Hafrannsóknastofnunar um ráðgefandi álit samráðsnefndar: „*Stofnunin skal taka rökstuddu afstöðu til álitsins og gera breytingar á tillögunni ef stofnunin telur ástæðu til þess*“. Með því telur Fiskistofa að tryggt verði að vísindaleg og fræðileg sjónarmið verði látin ráða því hvort og með hvaða hætti áhættumatið verði endurskoðað, sem er afar mikilvægt. En með því er jafnframt dregið úr vægi samráðsnefndar og efast má um gagnsemi hennar.

Slyasleppningar

Í 14. gr. frumvarpsins er fjallaði um breytingu á 13. gr. laganna. Þar er kveðið á um það að Fiskistofa skuli „*án tafar að eigin frumkvæði kanna aðstæður á eldissvæði ef fram koma upplýsingar eða rökstuddur grunur um strokufisk úr kvíum eða lokuðum eldisbúnaði og gera ráðstafanir ef þörf krefur*“.

Fiskistofa benti á þann veikleika í lögum um fiskeldi, nr. 71/2008 með síðari breytingum, við starfshóp um stefnumótun í fiskeldi að ekki sé gert ráð fyrir í lögunum að slyaslepping geti borið að með öðrum hætti en þeim að rekstraraðili tilkynni um málið til Fiskistofu. Með þessari tillögu er að nokkru leiti brugðist við því og telur Fiskistofa það jákvætt.



Ljóst er að þetta verkefni kann að verða umfangsmikið hjá Fiskistofu og líklegt að það muni vaxa eftir því sem fiskeldi mun vaxa við Ísland, eins og áform eru um. Því væri eðlilegt að Fiskistofu yrði tryggður tekjustofn til að standa straum að þjálfun og eftirliti sem þetta hlutverk mun leiða af sér. Eðlilegt væri að sá tekjustofn væri í réttu hlutfalli við umfang fiskeldis við Ísland hverju sinni. Fiskistofa benti á það í greinagerð sinni til starfshóps um stefnumótun í fiskeldi (hér í viðhengi).

Fiskistofa bendir á að með þessu ákvæði skapast sú skylda hjá Fiskistofu að hafa til reiðu eftirlitsmenn og búnað til að geta brugðist við og fara á vettvang ef grunur er um að fiskar hafi sloppið úr fiskeldisstöð. Þetta kallar á aukinn fjölda eftirlitsmanna í starfshópi Fiskistofu og fjárfestingu í búnaði, s.s. bátum, myndavélabúnaði (s.s. dróna) og veiðarfærum. Því er nauðsynlegt að Fiskistofa fái aukið fjármagn til að standa staur af auknum kostnaði sem verkefnið felur í sér. **Verði þetta ákvæði að lögum án þess að því fylgi fjármagn til að standa straum af auknum kostnaði Fiskistofu, mun það verða til þess að ekki verður hægt að sinna verkefninu, nema að takmörkuðu leiti, eða að verkefnið muni koma niður á öðrum eftirlitsverkefnum sem Fiskistofu er gert að sinna, s.s. eftirliti með vigtun sjávarafla eða eftirliti með brottkasti í sjávarútvegi. Ekki er að finna í greinagerð með frumvarpinu upplýsingar um það að ráðgert sé að auka fjárveitingu til Fiskistofu vegna þessa. Fiskistofa varar við þessu.**

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 13.03.2017
Tilv. 0012/2017 - 1.1.1

Efni: Greinagerð Fiskistofu vegna beiðni um upplýsingar í tengslum við stefnumótun í fiskeldi

Fiskistofa vísar til erindis frá ráðuneytinu dagsett 22. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir greinagerð vegna verkefna Fiskistofu sem tengjast fiskeldi. Lax- og silungsveiðisvið fiskistofu hefur það meginhlutverk að annast verkefni sem skilgreind eru í lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Markmið laganna er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Þar sem fiskeldi getur haft áhrif á villta lax- og silungastofna má segja að það falli að almennu hlutverki lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofa ásamt því hlutverki Fiskistofu sem skilgreint er í lögum um fiskeldi.

1. *Almenn lýsing.* Hlutverk Fiskistofu vegna fiskeldis er skilgreint í 13. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Rekstraraðili í fiskeldi sem missir fisk úr fiskeldisstöð skal virkja viðbragðsáætlun sína vegna slíkra atburða. Viðbragðsáætlun skal tilgreina að tilkynnt skuli um slysasleppingu tafarlaust til Fiskistofu, komið skuli í veg fyrir frekari sleppingar og að netaveiðar verði reyndar innan 200 metra frá stöðinni.
2. *Lýsing á eftirliti og verkferlum.* Hlutverk Fiskistofu, samkvæmt umræddri lagagrein, er að stjórna veiðum á fiski þegar slysalepping hefur orðið. Fiskistofa sendir eftirlitsmann á vettvang sem kannar hvort viðbragðsáætlun hafi verið virkjuð og hvort net hafi verið lögð, í samræmi við viðbragðsáætlun. Í framhaldi starfar Fiskistofa með rekstraraðila í því að beita þeim úrræðum sem gagnast til að ná strokufiski. Samráð er haft við Matvælastofnun, sem rannsakar tildrög og orsakir þess að slysaslepping hafi orðið. Fiskistofa leitar ráðgjafar hjá Hafrannsóknastofnun um netaveiðiaðgerðir og aðrar aðgerðir sem kunn að gagnast vegna strokufiska. Úrræði sem gripið er til hverju sinni geta verið margbreytileg enda hætta á vistfæðilegu tjóni breytileg eftir eðli atburðarins. Þau atriði sem skipta máli í því eru: Fiskegund og eiginleikar strokufiska (s.s. hvort fiskar séu geldir eða af einu kyni), stærð og aldur strokufiska, árstími og nálægð við veiðivötn.
3. *Miðlun á upplýsingum.* Þegar tilkynning berst um slysasleppingu, eða það hefur verið staðfest með eftirliti Fiskistofa að slysaslepping hafi orðið, tilkynnir Fiskistofa um málið til Matvælastofnunar. Fiskistofa birtir frétt á heimasíðu stofnunarinnar þar sem atburði er lýst. Jafnframt gerir Fiskistofa hagsmunaaðilum vegna veiðimála viðvart (veiðiréttareigendur nærliggjandi veiðivatna og Landsamband Veiðifélaga). Fiskistofa hefur fram að þessu ekki tilkynnt um slíkt mál til Landsambands fiskeldisstöðva, en

það verður framvegis gert.

4. *Álitaefni vegna framkvæmdar Fiskistofu* . Lagagrein sú sem skilgreinir hlutverk Fiskistofu vegna slysasleppinga (13. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi) gerir í raun ekki ráð fyrir því að slysaslepping geti borið að öðrum hætti en þeim að rekstrarleyfishafi verði var við það að fiskur hafi sloppið og tilkynnir um það til Fiskistofu. Reynslan hefur þó sýnt að slysasleppingar geta orðið án þess að rekstrarleyfishafi verði þess var (t.d. slysasleppingar á regnbogasilungi síðastliðið ár). Það er mikilvægt að Fiskistofa geti brugðist við ábendingum eða vísbendingum um að eldisfiskar kunni að finnast í sjó eða í veiðivötnum og sent eftirlitsmann á vettvang sem kannar með veiðum hvort rétt reynist. Fyrir slíku starfi þyrfti Fiskistofa skýra lagastoð og fjárveitingu Í tengslum við það er rétt að benda á að sú staða getur komið upp að veiðiréttareigandi hafi hagsmuni af fiskeldi og geti staðið í vegi fyrir því að Fiskistofa rannsaki með veiðum hvort eldisfisk sé að finna í viðkomandi veiðivatni. Fiskistofa þarf því að hafa skýra lagaheimild til þess að veiða í veiðivatni ef grunur er um að eldisfisk kunni að vera að finna þar án samþykkis veiðiréttareiganda.
5. *Mögulegar takmarkanir og hömlur* . Varðandi takmarkandi þætti sem hamlað geta störf stofnunarinnar til að takast á við slysasleppingar vill Fiskistofa benda á eftirfarandi:
 - a. Fiskistofa telur að nauðsynlegt sé að stofnunin fái fjárveitingu til bregðast við og geti rannsakað grundvöll vísbendinga um að eldisfiskar finnast í náttúrunni. Í dag fær Fiskistofa engar beinar fjárveitingar vegna aðkomu að fiskeldismálum, en rekstraraðili sem missir fiska úr eldi skal standa straum af öllum kostnaði vegna aðgerða Fiskistofu. Við núverandi aðstæður getur Fiskistofa ekki endurheimt kostnað vegna eftirlits þar sem enginn eldisfiskur finnst við eftirlit í veiðivötnum eða í sjó eða þegar óljóst er hvaðan eldisfiskar eru.
 - b. Þrátt fyrir góðan búnað og vandað verklag í fiskeldi munu verða óhöpp sem verða til þess að fiskar sleppa úr eldi. Óraunhæft er að hægt verði að endurheimta þá alla með veiðum. Til þess að vernda íslenska laxastofna (sbr. markmið laga um lax- og silungsveiði og markmið laga um fiskeldi) telur Fiskistofa að mikilvægt sé að koma á reglulegri vöktun með sýnatökum af laxi úr veiðiám þannig að hægt verði að rannsaka með erfðagreiningu hvort norskættaðir eldislaxar (eða blendingar) séu að finna í veiðivötnum á Íslandi. Ef eldisfiskar finnast í veiðivötnum má skipuleggja aðgerðir til að fjarlægja þá, ef það er mögulegt, eða koma í veg fyrir að fleiri eldisfiskar komist í viðkomandi veiðivatn. Slíka vöktun gæti Hafrannsóknastofnun annast í samráði við Fiskistofu.
6. *Aðbúnaður til að sinna verkefnum* . Til þess að Fiskistofa geti með góðu móti sinnt verkefnum og framkvæmd eftirlits vegna slysasleppinga í fiskeldi væri eðlilegt að stofnunin fengi fjárveitingar í réttu hlutfalli við umfang sjókvíaeldis. Líkurnar á því að óhapp verði eykst með auknu umfangi. Leggja mætti til lagabreytingu sem myndi fela í sér að ákveðið hlutfall af Umhverfissjóði sjókvíaeldis (t.d. 5%) myndi renna til Fiskistofu vegna verkefna og eftirlits með slysasleppingum.

Í þessari greinagerð hef ég dregið fram umbeðnar upplýsingar um hlutverk Fiskistofu og áskoranir vegna slysasleppinga. Fiskistofa mun fúslega veita frekari upplýsingar eða aðstoð vegna stefnumótunar í fiskeldi. Fiskistofa telur mikilvægt að sú vinna skili niðurstöðu sem gagnast megi til að skýra grundvöll fiskeldis hér við land svo starfsgreinin geti dafnað án þess að spilla náttúrulegum laxa- og silungastofnum.

Virðingarfyllst
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs